

Bókun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar varðandi forgangsöröðun jarðgangakosta á Vestfjörðum.

Vestfjarðarstofa sendi minnisblað til sveitarstjórna á Vestfjörðum þann 8. janúar s.l. þar er óskað eftir afstöðu sveitarstjórna til forgangsöröðunar jarðgangakosta á Vestfjörðum. Þeir matsþættir sem Vestfjarðarstofa leggur áherslu á að verði lagðir til grundvallar við forgangsöröðunina eru:

1. Samkeppnisstaða Vestfjarða - að Vestfirðir standi jafnfætis öðrum svæðum á Íslandi.

- a. Tryggja heilsárs samgöngur innan atvinnusvæða. Þetta þýðir að hægt sé því sem næst alla daga ársins að komast áhyggjulaust til og frá vinnu innan atvinnusvæða, sækja þjónustu- og taka þátt í menningar- og íþróttastarfi.**
- b. Flutningur fólks, aðfanga og afurða til og frá Vestfjörðum sé mögulegur nánast alla daga ársins. Vestfjarðaleiðin sé fær.**
- c. Stytting vegalengda.**

Vestfirðir hafa setið eftir hvað varðar framkvæmdir í vegamálum á undanförunum áratugum og alveg ljóst að landshlutinn rekur lestina þegar litið er til vegaframkvæmda á landinu öllu. Við þetta verður ekki lengur unað og mikilvægt að áfram verði sérstök áhersla á Vestfirði í samgönguáætlun og að ekki verði staðar numið þegar þeim framkvæmdum sem nú eru í ferli er lokið. Mikilvægt er mæta fyrirjáanlegum vexti í atvinnulífinu á svæðinu s.s. fiskeldi og ferðaþjónustu og tryggja að hægt sé að koma fólki á milli byggðarlaga, afurðum og aðföngum til og frá svæðinu og ferðamönnum um svæðið allt árið. Í því ljósi er mikilvægt að horft verði til úrbóta á Vestfjarðarleiðinni. Jafnframt er ljóst að ein helsta forsenda aukinnar samvinnu og sameiningar sveitarfélaga á svæðinu er að samgöngur milli staða verði bættar.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar leggur áherslu á að fylgt verði þeirri stefnumörkun sem felst í Samgönguáætlun 2020-2034 og samþykkt var á Alþingi í júní á síðasta ári. Þar tiltekur Samgöngunefnd Alþingis nokkra jarðgangakosti sem komið hafi til tals í umfjöllun nefndarinnar og að settir verði fjármunir til rannsókna á þeim kostum. Nefndin leggur einnig áherslu á að skapa tækifæri til að vinna að fleiri en einu jarðgangaverkefni samtímis.

Vestfjarðarstofa fékk Hreinn Haraldsson fyrrum Vegamálastjóra til að vinna sértæka jarðgangaáætlun fyrir Vestfirði. Niðurstaða Hreins varðandi forgangsöröðun jarðgangakosta er eins og segir í skýrslunni; **„Ef reynt er að raða þeim eftir mikilvægi má segja að Skutulsfjörður-Álftafjörður og Hálfðán ættu að koma fyrst sem hættulegir og erfiðir vetrarvegir milli byggðarlaga á sama atvinnu og þjónustusvæði.“** Hreinn nefnir einnig Klettsháls vegna flutninga á vetrum landleiðina í átt að vestur- og norðurlandi og að höfuðborgarsvæðinu. Af þessum tveimur mikilvægustu kostum eru göng á milli Skutulsfjarðar og Álfafjarðar nú þegar á samgönguáætlun. Það er því skynsamlegt að leggja áherslu á að klára það verkefni fyrst og í framhaldinu kæmi þá næstu framkvæmdir.

Gerð ganga milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar er afar brýnt verkefni út frá öryggissjónarmiðum. Á Súðavíkurlíð eru skilgreindir 22 snjóflóðafarvegir og eru fjölmörg dæmi um snjóflóð og grjóthrun í hlíðinni. Vegagerðin og Snjóflóðasetur Veðurstofunnar fylgjast vel með öllu hættumerkjum og hafa gefið út viðvaranir og lokað hlíðinni ef svo ber undir. Árið 2018 féllu 61 flóð niður á veg samkvæmt talningu Vegagerðarinnar en bent skal á að fjölmargar viðvaranir og lokanir eru gefnar út á hverjum vetri til að hindra slys á fólki. Norðanverðir Vestfirðir eru eitt atvinnu- og búsetusvæði.

Samkvæmt vinnusóknarkönnun sem Byggðastofnun lét gera árið 2017 sækja tæp 30% vinnandi fólks í Súðavík vinnu til Ísafjarðar. Þónokkur fyrirtæki eru með starfsemi í Súðavík og á öðrum þéttbýliskjörnum á norðanverðum Vestfjörðum. Íbúar Súðavíkur sækja flesta sína grunnþjónustu, til að mynda heilbrigðisþjónustu, til Ísafjarðar.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar tekur undir þá forgangsröðun í jarðgangaframkvæmdum á Vestfjörðum sem koma fram í skýrslu Hreins. Sú forgangsröðun fellur einnig vel að þeim atriðum sem Vestfjarðarstofa leggur til grundvallar við forgangsröðun jarðgangakosta.